

AFSTÖÐUMYND 1:500



SNIÐ 1 1:100



SNIÐ 2 1:100

Byggingarlýsing.

Almenn lýsing.

Á lóðinni Álhella 11 verða tvö geymsluhús mhl 01 og mhl 02. Húsin snúa hvort á móti öðru og eru steinsteypt með limtrésgrind í hliðum og stálvirki í þaki. Húsin eru klætt stálklæðningu og samlokueiningum á útveggjum og þaki.
Hvort hús skiptist í 10 séreignarbil og eitt sameiginlegt inntaksrými.
Litur á veggjum er ljósgrár en gluggar og hurðir dökkgrá. Nánar skal litaval ákveðast í samráði við arkitekt.

Notkun og starfsemi.

Húsin eru ætluð sem geymsluhús með möguleika á að breyta í atvinnuhúsnæði. Verði sú breyting gerð er mögulegt að breyta gámastæði hvers eignahluta í bílastæði til að uppfylla kröfur deiliskipulags. Hver eining hefur skilgreint séreignarsvæði auk sameignar á lóð.
Ekki eru gerðar kröfum um annað en að húsið sé frostfrítt.
Verði starfsleyfisskyld starfsemi samkvæmt lögum um matvæli nr. 93/1995 m.s.b. og/eða lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 m.s.b. í húsnæðinu ber rekstraraðila að afla starfsleyfis Heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar-og Kópavogssvæðis. Nefndin getur óskað eftir sértelkningu af viðkomandi rými. Mengunarvarnarbúnaði á fráveitu og útblástur verður komið fyrir í samræmi við ákvörðun heilbrigðisnefndar.

Landeignanúmer L235468

Stærðir	Álhella 11 mhl 01	1887 m2	8325 m3	
	Álhella 11 mhl 02	1887 m2	8325 m3	
	Samtals	3774 m2	16650 m3	

Lóðarstærð 8.333,6 m2

Nýtingarhlutfall 0,45

Burðarvirki.

Sökklar og botnplata eru staðsteypt með járnbentri steinsteypu. Burðarvirkið er byggt upp með steyptum gafl- og milliveggjum, auk hluta hliðarveggja. Aðrar hliðar eru úr limtrésvirki. Milligólf og svalir eru staðsteyptar. Húsin eru klædd steinullarfylltum samlokueiningum á hliðum en steyptir útveggir einangraðir að utan með steinull og klæddir stálklæðningu. Þök eru byggð upp af C og Z bitum klæddum steinullarfylltum samlokueiningum (yleiningar)

Einangrun.

Sökklar eru einangraðir með 100 mm plasteinangrun. Útveggir eru einangraðir að utan með 100 mm. steinullareinangrun. Þakvirkið er er einangrað með 130 mm steinullareinangrun.

Klæðningar, gluggar og hurðir.

Útveggir og þök eru klædd með með steinullarfylltum samlokueiningum. Þök eru klædd þakpaneleiningum (yleiningar). Gluggar og inngangshurðir eru úr áli með tvöföldu K-geri. Í gólfsíðum gluggum hurða er öryggisgler. Vöruhurðir eru panelhurðar á brautum (Héðinshurðir eða samb.)

Lóð.

Samkvæmt skilmálum deiliskipulags er krafa um eitt bílastæði á hverja 100 m2 þ.e. samtals 38 stæði. Á lóð er gert ráð fyrir 40 bílastæðum, sem flest geta mögulega verið bílastæði fyrir hreyfihamlaða. Verði notkun breytt úr geymslum í aðra starfsemi er unnt að breyta gámastæði í bílastæði svo skilmálum deiliskipulags sé fullnægt. Gert er ráð fyrir að hægt sé að koma fyrir rafhleðslubúnaði við öll stæði. Þá er gert ráð fyrir svæðum fyrir sorpgeymslur.

Ýmiss atriði.

Húsið er hitað upp með gólfhitalögnum í botnplötum og ofnum á milliloftum. Neysluvatnslagnir eru álpex rör í rör. Í votrýmum eru gólfniðurföll. Í afloku ðum gluggalausum rýmum skal vera loftræsting. Fráveitukerfi byggingarinnar verður búið möguleika á olíugildru til að fyrirbyggja olíumengun í fráveitukerfi bæjarins. Innveggir eru blikkgrindur með tvöföldum gifsplötum á báðum hliðum.
Húsið er ekki hannað á grundvelli algildrar hönnunar, en gert er ráð fyrir að hægt sé að færa til veggi á salernum og stækka þau, og stækka hurðir. Þá er gert ráð fyrir að hægt sé að setja lyftur í húsið. Handrið og handlistar skulu standast ákvæði B.R 6.5. Hitastig vatns á töppunarstöðum skal ekki vera hærra en 65°C og skal varmaskiptir vera við inntak í húsið. VLR merkir vélræn útloftun rýmis. Teikningar hafa verið yfirfarnar af burðarvirkishönnuði.

Kólnunartölur.

Leiðnitap byggingarhluta U-gildi reiknast eftirfarandi:

Þak:	0.28 W/m2 K
Útveggur:	0.33 W/m2 K
Gluggar:	1.1 W/m2 K
Hurðir:	1.2 W/m2 K
Gólf á fyllingu:	0.6 W/m2 K

BRUNAVARNIR

Eftirfarandi brunahönnun og brunavarnalýsing er gerð af Brunahönnun slf (mál nr. 23-055) í apríl 2023 fyrir Álhellu 11, Hafnarfirði. Til grundvallar lausnum brunavarna er byggingarreglugerð nr. 112/2012 og 350/2013 með síðari breytingum, grein 9.2.2. liður b.
Ekki er um að ræða frekari brunavarnaskýrslu. Um er ræða tvö sambærileg hús.

Flokkun og notkun byggingar

Byggingarnar eru í notkunarflokki 1 skv. byggingarreglugerð en um er að ræða geymslubil. Gert er ráð fyrir að brunaálag í bilum verði mest 1600 MJ/m^2.

Brunahólfun

Byggingarnar eru hvor um sig samtals um 1887 m^2 en skiptast í tvö meginbrunahólf, um 943 m^2 sem skiptist hvert um sig í 5 starfsbil.
Meginhólfunarveggur er a.m.k. REI90 og nær alveg upp að steinullarsamlokueiningum í þaki.
Hvert starfsbil ásamt milligólfi (stærst um 295 m^2 en minnst um 112m^2) er sér brunahólf með REI60 steinsteyptum veggjum sem ná alveg upp í steinullarsamlokueiningar.
Tæknirými eru sér brunahólf.

Burðarvirki

Brunamótstaða aðalburðarvirkja er a.m.k. R60 (steinsteypt og límtré) en a.m.k. R90 í meginhólfunarskilum (steinsteypt).
Stálburðarvirki í þaki (C og Zetur) er á milli steinsteypuveggja og er ekki eldvarið sérstaklega.
Frávik og tækniskipti: Bil 104 og 105 eru mun stærri og með lengra haf en önnur og því telst þakburðarvirki í þessum bilum til aðalburðarvirkis. Tækniskipti er 5% auðbrennanlegt plast í þaki (t.d. polycarbonat) í þessum bilum.
Milligólf/hæðaskil eru a.m.k. REI60.
Þakvirki í minni bilum telst ekki aðalburðarvirki enda á milli steinsteyptra veggja og hefur því ekki áhrif á t.d. brunahólfun í eldi.
Svalir eru staðsteyptar.

Klæðningar

Klæðningar eru skv. ÍST EN 13501.
Um er að ræða steinullarsamlokueiningar í útveggjum og þaki.
Gólfefni á milligólfum og stoðrýmum eru í flokki G (Dfl-s1).
Gólfefni í geymslum eru a.m.k. í flokki Cfl-s1.
Veðurkápa er í flokki A,s1-d0.
Þakklæðningar eru í flokki B(roof) (t2).

Flóttaleiðir

Frá engu bili er lengra en 30 m í næsta útgang.
Tvær óháðar flóttaleiðir eru frá neðri hæð í hverju starfsbili.
Önnur leiðin frá milligólfum er út á svalir.

Reykskynjarar

Reykskynjarar (CE merktir) eru rýmunum, a.m.k. einn fyrir hverja 80 m^2.

Loftræsikerfi

Loftræsikerfi gengur ekki á milli brunahólfa.

Reyklosun

Reyklosun frá bilum 104 og 105 um er auðbrennanlegt plast í þaki, t.d. polycarbonat, sem er samtals 12 m^2 eða um 5 % af gólffletarmáli.
Reykræsing frá öðrum bilum er um glugga og hurðir.

Slökkvitæki

Handslökkvitæki eru sett upp skv. teikningum, t.d. 6 L léttvatn en 5 kg koltvýra í tæknirými. Slökkvitæki skulu vera skv. ÍST EN 3.
Staðsetning slökkvitækjum skal merkt með til þess gerðum skiltum.

Út- og neyðarlýsing

Út- og neyðarlýsing er í allri byggingunni skv. byggingarreglugerð, ÍST EN 1838, ÍST EN 50172 og öðrum tengdum stöðlum.
Neyðarlýsing er 5 lux er í stigum og tæknirými.
Neyðarlýsing skv. "opnum svæðum" (0,5 lux) er í sölum, milliloftum og salernum fatlaðra.
Útljós verða við alla útganga hússins.

Brunaþéttingar

Brunaþéttingar skulu uppfylla sömu kröfur og viðkomandi brunahólfandi veggir og vinnast af viðurkenndum aðilum.

Aðkoma slökkviliðs og slökkvivatn

Aðkoma slökkviliðs er frá Álhellu. Slökkvivatnsþörf hefur verið metin skv. leiðbeiningum HMS og er um 2.400 l/mín. Sveitarfélagið þarf að tryggja umrætt slökkvivatn með brunahönnun í nágrenni við bygginguna.

Samþykkt þann
10. MAÍ 2023
Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði
Guðlaug Rósenkranz

SHS
03. maí 2023

BRUNAHÖNNUN
Digitally signed by Gunnar H Kristjansson
DN: c=IS,cn=Gunnar H Kristjansson,o=Gunnar H Kristjansson ehf.,l=Kaldarselhlíð,serialNumber=5102882119,o=Brunahönnun,ou=Brunahönnun,sn=Gunnar H Kristjansson
Reason: I have reviewed this document
Location:
Date: 2023-05-22 09:32Z

Útg.	Dags.	Lýsing	Nafn

ARKAMON
Kvíslartungu 40, 270 Mosfellsbæ
arkamon@arkamon.is
GSM: 892-0400

VALGEIR BERG STEINDÓRSSON kt. 250464-2319

ÁLHELLA 11
Byggingalýsing, afstöðumynd og snið.

Mkv. 1:100, 1:500			A1
HANNAÐ	VALGEIR B.	18.04. 2023	TEIKN. A-101
TEIKNAÐ	VALGEIR B.	SAMÞ.	